



ROTARY INTERNATIONAL
DISTRICT 1360
RÓTARÝUMDÆMIÐ Á ÍSLANDI

Reglur til verndar Rótarý skiptinimum á Íslandi

Reglur þessar gilda fyrir Rótarýumdæmi 1360.

Rótarýumdæmi 1360, sem er Ísland, er skuldbundið til að skapa og viðhalda sem öruggustu umhverfi fyrir alla þátttakendur í nemendaskiptum Rótarý. Það er skylda allra Rótarýfélaga, maka þeirra og allra annarra sjálfbóðaliða að tryggja sem best velferð þeirra og koma í veg fyrir líkamlega, kynferðislega eða tilfinningalega misnotkun barna og ungmenna sem tengjast nemendaskiptum.

Æskulýðsnefnd Rótarý á Íslandi annast umsjón með nemendaskiptum Rótarý hér á landi. Nefndin er hluti af Rótarýumdæmi 1360 og lýtur yfirumsjón þess. Rótarýumdæmi 1360 ábyrgist sjálft þá starfsemi sem fram fer í nafni nemendaskipta Rótarý á Íslandi og ná tryggingar umdæmisins til þeirrar starfsemi og til þeirra er koma að nemendaskiptum á vegum þess.

Rótarýumdæmi 1360 og Rótarýklúbbarnir innan þess skulu tilnefnda trúnaðarmann, sem ábyrgist gagnvart umdæmisstjóra að fylgja eftir og viðhalda áhættustjórnunarferli, verndar- heilsu-, og öryggisstefnu og tryggja, þegar þess er krafist, að Rótarýfélagar fái viðeigandi þjálfun í að fylgja eftir stefnunni.

Trúnaðarmaðurinn nýtur liðsinnis æskulýðsnefndar við verkefnið. Trúnaðarmaðurinn er ábyrgur fyrir því að einstakir klúbbar staðfesti þessar reglur.

Formaður æskulýðsnefndar umdæmisins getur verið trúnaðarmaður umdæmisins.

Allir þátttakendur í starfsemi nemendaskipta Rótarý skulu undirrita yfirlýsingu þar sem staðfest er:

- a) Að viðkomandi hafi lesið stefnu til verndar Rótarý skiptinimum á Íslandi
- b) Að viðkomandi sé meðvitaður um ábyrgð sína
- c) Að viðkomandi samþykki að fara eftir þeim reglum og stefnu sem sett er af Rotary International og nemendaskiptum Rótarý á Íslandi.

Undirrituð yfirlýsing skal send skrifstofu Rótarýumdæmisins á Íslandi.



ROTARY INTERNATIONAL
DISTRICT 1360
RÓTARÝUMDÆMIÐ Á ÍSLANDI

Áhætta í nemendaskiptum Rótarý á Íslandi

Í þeim tilgangi að draga sem mest úr áhættu skiptinema og til að vernda Rótarýfélaga og aðra sjálfboðaliða sem koma að nemendaskiptum Rótarý, skal eftirfarandi reglum fylgt:

Íslenskir nemar sem sendir eru erlendis

1. Viðtal skal tekið við alla nema.
2. Viðtal skal tekið við foreldra og/eða forráðamenn.
3. Umsækjendur leggi fram meðmæli frá skóla um námsárangur og félagslega þátttöku.
4. Námskeið skulu haldin til að undirbúa og þjálfa nema undir ferðina.
5. Nemar skulu upplýstir um það hvers konar misnotkun, líkamleg, tilfinningaleg eða kynferðisleg er óásættanleg á hvaða menningarsvæði sem er, og verði þeir fyrir slíku eða telji sig verða fyrir slíku, skuli þeir setja sig í samband við trúnaðarmann sinn á staðnum.
6. Nemar skulu upplýstir um ábyrgð sína gagnvart Rótarý og nemendaskiptum Rótarý.
7. Allir nemar skulu kaupa sérstaka tryggingu svo sem Rotary International og Rótarýumdæmið á Íslandi áskilja.

Erlendir nemar sem dvelja á Íslandi

1. Allir nemar skulu fá upplýsingar um fyrstu hýsingarfjölskyldu að minnsta kosti mánuði fyrir komu. Þar skulu koma fram upplýsingar um hvort þeir deili herbergi með einhverjum, og ef svo er, með hverjum.
2. Upplýsingar um tryggingarmál verða kynntar nemunum með góðum fyrirvara.
3. Eins fljótt og kostur er eftir komu til landsins skulu nemar upplýstir um atriði sem tengjast dvöl þeirra hér. Þessar upplýsingar snerta m.a. persónulegt öryggi þeirra. Nemarnir skulu fræddir um það í hverju menning hér á landi kann að vera frábrugðin þeirra eigin menningu.
4. Allir nemar hafa aðgang að minnsta kosti einum trúnaðarmanni. Ef kostur er skal trúnaðarmaður stúlkna vera kona og trúnaðarmaður pilta vera karl.
5. Trúnaðarmenn skulu fá þjálfun í skyldum sínum meðan á skiptum stendur.
6. Allir nemar skulu fyrir komu til Íslands fá skriflegar upplýsingar um trúnaðarmann og fyrstu hýsingarfjölskyldu sína. Upplýsingar skulu m.a. vera um netfang, heimilisfang og símanúmer.



ROTARY INTERNATIONAL
DISTRICT 1360
RÓTARÝUMDÆMIÐ Á ÍSLANDI

Hýsing

1. Hafi hýsingarfjölskylda ekki áður hýst nema skulu tveir Rótaryfélagar eiga viðtal við fjölskylduna.
2. Allar hýsingarfjölskyldur fá þjálfun í hlutverki sínu og ábyrgð. Þessi þjálfun má vera í skriflegu formi.
3. Aðstæður á heimili, sem nemanum eru ætlaðar, verða kannaðar og atriði sem kunna að skipta máli tilkynnt nemanum áður en hann leggur af stað að heiman eða frá fyrri hýsingarfjölskyldu.
4. Tekið skal fram hvort neminn muni hafa eigið herbergi eða hvort honum er ætlað að deila herbergi með öðrum. Ef honum er ekki ætlað eigið herbergi, skal kannað hvort honum sé ætlað afdrep til að læra heima, lesa og skrifa í friði og ró.
5. Tekið skal fram hvort neminn hafi aðgang að baðherbergi frá svefnherbergi sínu án þess að neminn þurfi að fara í gegnum svefnherbergi einhvers fullorðins einstaklings.
6. Trúnaðarfjölskylda skal valin í því skyni og án tillits til ástæðna fyrir því að neminn þarf að skipta um fjölskyldu. Trúnaðarfjölskyldan getur verið fjölskylda trúnaðarmannsins.

Almennt

1. Mat skal lagt á alla einstaklinga sem vinna að nemendaskiptum og alla fullorðna einstaklinga hýsingarfjölskyldna. Þar sem upplýsingar úr sakaskrá eru ekki opinberar á Íslandi skal matið framkvæmt af trúnaðarmanni og æskulýðsnefnd.
2. Öll áhætta í tengslum við hættulega starfsemi skal metin og namar upplýstir um þörf á viðbótartryggingum.
3. Reglum þessum er bæði ætlað að vernda Rótaryfélaga, sjálfboðaliða og nemana sjálfa.
4. Klúbbum er ráðlagt að fá lækni eða lögfræðing, má vera klúbbfélagi, til að vera trúnaðarmönnum til ráðuneytis ef á þarf að halda.
5. Trúnaðarmenn skulu hafa samband við skiptinema og/eða hýsingarfjölskyldu a.m.k. mánaðarlega.
6. Ráðlagt er að trúnaðarmenn heimsæki hýsingarfjölskyldu a.m.k. einu sinni og tilkynni heimsókn sína með stuttum fyrirvara.
7. Mikilvægt er að alltaf sé kunnugt um hvar nemarnir eru og hvernig hægt er að ná til þeirra. Þetta skal brýnt fyrir nemunum.
8. Allir þeir sem þátt taka í starfsemi nemendaskipta, ráðgjafar- og hýsingarfjölskyldur skulu upplýstir um hvernig bregðast skuli við.
9. Viðbragðsáætlanir eru til vegna ásakana um misnotkun eða áreitni.



ROTARY INTERNATIONAL
DISTRICT 1360
RÓTARÝUMDÆMIÐ Á ÍSLANDI

Reglur um viðbrögð við ásökunum um misnotkun eða áreitni

Inngangur

Reglur þessar eru samdar í tengslum við reglur til verndar Rótarý skiptinemum á Íslandi.

Skilgreiningar í stefnunni og leiðbeiningunum:

Með hugtakinu misnotkun er átt við líkamlega, tilfinningalega eða kynferðislega misnotkun

- Líkamleg misnotkun þýðir vísvitandi beiting líkamspvingunar sem leiðir til meiðsla. Um getur verið að ræða einstakt tilvik eða alvarleg eða síendurtekin tilvik.
- Tilfinningaleg misnotkun þýðir að viðkomandi sé síendurtekið útsettur fyrir misnotkun áfengis eða fíkniefna, munnlegum árásum á sjálfsmynd sína, endurtekinni höfnun eða auðmýkingu. Einnig heimilisofbeldi, einangrun eða að vera í umhverfi ótta og/eða kvíða.
- Kynferðisleg misnotkun þýðir ótilhlýðilegt og óvelkomið kynferðislegt atferli, athöfn eða hegðun. Hugtak tekur til sérhverrar snertingar af kynferðislegum toga, samræðis eða misnotkunar.

Áreitni þýðir hvers konar athöfn af hendi einstaklings er beinist að og særir annan einstakling eða einstaklinga, og sem viðkomandi veit eða ætti að vita að geti valdið særindum. Um er að ræða sérhverja andstyggilega aðgerð, athugasemdir eða framkomu sem gerir lítið úr, móðgar eða veldur persónulegri niðurlægingu eða auðmýkingu, eða sérhver kúgun. Áreitni felst í, en takmarkast ekki við, það sem að neðan greinir:

Áreitni felst meðal annars í:

- Athöfn sem meiðir æru fórnarlambins, sem sérstaklega er beint að litarhætti, kynþætti, þjóðernisuppruna, ætterni, aldri, kynferði, kyni, líkamlegum einkennum, kynhvötum eða líkamlegum eða andlegum takmörkunum.
- Óvelkomnar og lítilsvirðandi athugasemdir, skrítlur og athugasemdir um kynþátt, trú, aldur, þjóðerni, hjúskaparstöðu, lit eða fötlun
- Notkun, sýning eða dreifing á kynþáttafordómum, klámi eða öðru grófu skriflegu efni
- Gamansögur byggðar á þjóðerni, kyni eða öðrum niðurlægjandi ástæðum
- Hótanir
- Óviðeigandi eða ógnandi athafnir.



ROTARY INTERNATIONAL
DISTRICT 1360
RÓTARÝUMDÆMIÐ Á ÍSLANDI

Kynferðisleg áreitni þýðir hvers konar ósamþykkt eða óvelkomin athöfn af kynferðislegu tagi sem er móðgandi eða niðurlægjandi.

Kynferðisleg áreitni felst m.a. í:

- a. Ósamþykkt og óvelkomin snerting
- b. Ósamþykktir og óvelkomnir kossar eða faðmlög
- c. Grófir eða kynferðislegir brandarar eða athugasemdir
- d. Kynferðislegar móðganir, stríðni eða uppnefni
- e. Kynferðislegt látbragð
- f. Að horfa eða stara á aðra manneskju eða á hluta af líkama hennar
- g. Loforð eða hótanir í skiptum fyrir kynferðislega greiða
- h. Ósk um kynferðislegt samband eða kynferðislega greiða
- i. Endurteknar óskir um stefnumót eftir að slíku hafi verið hafnað
- j. Ósamþykkt kynferðislegt daður.
- k. Stöðugar eða óvelkomnar spurningar eða skírskotanir eða athugasemdir um einkalíf eða kynlíf einstaklings
- l. Ógnandi símtöl
- m. Kynferðisleg árás

Kærandi merkir þann sem verndaður er og gerir athugasemd, setur fram kæru, vegna misnotkunar eða áreitni, annað hvort beint eða með atbeina annars.

Kærður merkir þann sem kæra kæranda um misnotkun eða áreitni beinist gegn.

Starfsreglur fullorðins einstaklings sem fær í hendur kæru

Hvaða fullorðinn einstaklingur, sem kærandi snýr sér til og greinir frá atviki um misnotkun eða áreitni, skal fylgja eftirfarandi leiðbeiningum.

1. **Taka á móti skýrslu frá kæranda**
 - a. Hlusta af athygli og rólega. Viðurkenna að það útheimtir mikið hugrekki að tilkynna misnotkun. Það er viðeigandi að hlusta og hughreysta. Ekki láta í ljós áfall, hrylling eða vantrúnað.
 - b. Lofa þagmælsku en ekki trúnaði
Útskýra að nauðsynlegt sé að greina einhverjum frá misnotkuninni, áreitninni, til að hægt sé að stöðva hana og tryggja að slíkt komi ekki fyrir aðra einstaklinga sem njóta verndar.
 - c. Fá staðreyndir en ekki yfirheyra.



ROTARY INTERNATIONAL
DISTRICT 1360
RÓTARÝUMDÆMIÐ Á ÍSLANDI

Spyrja kærðandann spurninga sem leiða í ljós hvað gerðist og hver gerði það. Sannfæra kærðandann um að hann gerði rétt í að segja frá þessu.

Forðast að spyrja spurninga um hvers vegna. Hafa í huga að ábyrgð snýr að því að kynna sögu kærðandans til rétttra yfirvalda.

d. Forðast að dæma, heldur styrkja kærðandann

Ekki gagnrýna neitt það sem skeð hefur eða neinn sem kann að tengjast málinu. Það er sérstaklega mikilvægt að ásaka ekki eða gagnrýna kærðandann. Sannfæra kærðandann um að aðstæðurnar voru ekki honum að kenna og að hann var hugrakkur og þroskaður að koma til þín.

e. Tilkynna

Gera skriflega skýrslu um samtal við kærðandann eins fljótt eftir viðtalið og kostur er. Taka fram dagsetningu og tímasetningu viðtalsins. Notað orð kærðandans og skrá einungis það sem hann sagði frá.

2. Vernda kærðandann

Tryggja öryggi og velferð kærðandans. Ef þú eða kærðandinn hafið áhyggjur af öryggi hans, skal séð til þess að kærðandinn sé þegar fluttur eða færður úr þeim aðstæðum og frá öllu sambandi við hinn kærða. Sannfæra kærðandann um að það sé til að tryggja öryggi hans og það sé ekki refsing. Ef ekki þarf að tryggja öryggi, ákveða hvort kærðandi myndi samt sem áður óska eftir flutningi eða hætta sambandi og fara eftir óskum kærðandans.

3. Tilkynna til formanns æskulýðsnefndar

Strax eftir að hafa fengið kærú í hendur og eigi síðar en 3 vinnudögum síðar, tilkynna kærúna til formanns æskulýðsnefndar. Formaður æskulýðsnefndar lætur umdæmisstjóra vita og fer yfir þörfina á kærú til lögregluvalda eða hvort hægt sé að leysa málið eftir öðrum leiðum.

4. Tryggja að þagmælska sé virt

Koma í veg fyrir sögusagnir og ásanir. Greina ekki neinum öðrum frá atvikinu en þeim sem nauðsynlegt er að greint sé frá því. Gera ráð fyrir, eins og reglurnar krefjast, að þagmælska ríki um allar upplýsingar sem tengjast kærúni til að vernda hagsmuni bæði kærðandans og hins kærða.

5. Eftirfylgni

Þegar búið er að tilkynna málið til formanns æskulýðsnefndar hefur þú lokið hlutverki þínu. Þú getur óskað eftir upplýsingum um það hvernig málinu var fylgt eftir til að fá fullvissu um að brugðist var við kærúni. Þrátt fyrir það máttu ekki setja þig í samband við hinn kærða vegna kærúnnar.



ROTARY INTERNATIONAL
DISTRICT 1360
RÓTARÝUMDÆMIÐ Á ÍSLANDI

Reglur um viðbrögð formanns æskulýðsnefndra við ásökunum um misnotkun eða áreitni

Formanni æskulýðsnefndar, sem berst skýrsla um ásökun, er skylt að bregðast við slíkri kæru og fylgja í því sambandi eftirfarandi leiðbeiningarreglum:

Formaður æskulýðsnefndar skal tryggja að umdæmisstjóri sé upplýstur um þau skref sem tekin eru til að mæta ásökunum. Þegar við á getur umdæmisstjóri tekið beinan þátt í einhverjum eða öllum þeim greinum sem taldar eru upp að neðan:

Formaður æskulýðsnefndar á að halda trúnaðarmanni kæranda upplýstum um öll skref aðgerða. Nema annað sé tekið fram skal taka þessi skref strax eftir að kæra um misnotkun eða áreiti berst og alls ekki síðar en þremur virkum dögum þar eftir.

1. Staðfesta skal að kærandi hafi strax verið fjarlægður úr aðstæðum og úr öllu sambandi við kærða.
2. Formaður æskulýðsnefndar og umdæmisstjóri skulu með aðstoð lögfræðings ef nauðsynlegt er, strax ákveða hvort kæra skuli atburðinn til lögreglu eða annara yfirvalda. Ef ákvörðun er tekin um kæru til lögreglu er rannsókn alfarið í hennar höndum og aðilar skulu vera í samstarfi við lögreglu eftir því sem hún óskar. Formaður æskulýðsnefndar ætti að biðja lögreglu um að halda sér upplýstum um framgang rannsóknar.
3. Ef ákvörðun er tekin um að rannsaka málið á eigin spýtur eða ef lögregla neitar að rannsaka málið skal útfæra rannsóknaráætlun. Eftir atvikum á alvarleika ásakana og staðreyndum málsins er hægt að ræða eitthvert eftirfarandi atriði við kæranda. Munið að ef um barn eða ungling er að ræða hefur hann rétt á að hafa fullorðinn einstakling sér til fulltingis.
 - Leggja fram óformlega kvörtun
 - Fylgja eftir formlegri rannsókn
 - Nýta sér ráðgjöf, liðveislu eða önnur úrræði
 - Kanna aðrar leiðir
4. Tryggja að kærandi fái þegar stuðningsþjónustu.
5. Útvega kæranda óháðan ráðgjafa, sem ekki er Rótarýfélagi, til að gæta hagsmuna hans. Fá viðeigandi yfirvald til að mæla með einhverjum sem er ekki Rótarý félagi né hefur nein tengsl við Rótarý eða nemendaskipti þess og er að öðru leyti óháður.
6. Taka ákvörðun um það hvort hafa eigi samband við foreldra kæranda og hvort kærandi eigi að eiga þess kost að dvelja áfram á staðnum eða fara heim.
7. Meðan rannsókn á sér stað má hinn kærði ekki að taka þátt í neinni skipulagðri starfsemi á vegum Rótarý.



ROTARY INTERNATIONAL
DISTRICT 1360
RÓTARÝUMDÆMIÐ Á ÍSLANDI

8. Annað hvort formaður æskulýðsnefndar eða umdæmisstjóri skulu eigi síðar en 72 klst. eftir að þeim varð kunnugt um atvikið tilkynna framkomnar ásakanir til Rotary International og gefa skýrslu um framvindu málsins um niðurstöður allra rannsókna.
9. Ljúka rannsókn eins fljótt og hægt er í samræmi við rannsóknaráætlun og gefa kærða skýrslu, kæranda og umdæmisstjóra.

Hafa ber í huga þarfir kæranda

Þörf er á stuðningshópi til að styrkja og styðja kæranda eftir að hann hefur lagt fram kæru. Kærandinn er líklegur til að vera ráðvilltur og skammast sín og halda sig til hlés.

Kærandinn er ennfremur líklegur til að forðast hýsingarfjölskyldu sína og Rótaryklúbbinn. Eftir að skýrsla um áreitni eða misnotkun hefur komið fram kunna nemendur að óska eftir að segja sig úr prógramminu. Ef þeir gera það, kunna þeir að vilja halda áfram í prógramminu í tengslum við annan klúbb. Erfitt kann að vera fyrir klúbbfélaga, sjálfboðaliða og hýsingarfjölskyldur, sem fá vitneskju um kærana, að skilja hvernig kæranda líður, en það er styrkur fyrir kæranda að vita að klúbburinn heldur stuðningi sínum við kæranda. Klúbbfélagar, sjálfboðaliðar og hýsingarfjölskyldur kunna að vera í vafa um stöðu sína og skyldur. Þrátt fyrir það verða þeir að fullvissa kæranda um stuðning sinn.

Viðeigandi hegðun annarra sem kunnugt er um kærana

Þegar fengist er við ásökun um misnotkun eða áreitni er öryggi kærandans mikilvægast. Klúbbfélagar, sem komast á snoðir um kæru, eiga ekki að velta vöngum, tjá sig um eða láta í ljósi persónulegar skoðanir sem gætu truflað rannsókn málsins. Klúbbfélagar sem komast á snoðir um kærana ættu að forðast að tjá sig um rannsókn hennar.

Athugasemdir um kæranda í þeim tilgangi að styðja kærða, eða um kærða til að styðja kæranda eru ekki í anda Rotary. Jafnframt kunna slíkar athugasemdir að leiða til krafna þeirra sem telja á sér brotið á hendur Rotary félögum eða Rotaryklúbbum.

Refsiviðurlög

Reynist kæra á rökum reist skal til viðbótar við refsingar samkvæmt landslögum og sjálfstætt beita eftirfarandi:

- a. Sé viðkomandi Rótaryfélagi skal hann vera brottrækur til lífstíðar frá Rotary International
- b. Sé viðkomandi ekki Rótaryfélagi skal honum bönnuð þátttaka í umdæmisstarfi Rótary, auk þess sem honum skal meinað að ganga í Rótaryklúbb um alla framtíð.



ROTARY INTERNATIONAL
DISTRICT 1360
RÓTARÝUMDÆMIÐ Á ÍSLANDI

Yfirlýsing

1. Ég hef lesið reglur til verndar skiptinimum Rótary á Íslandi.
2. Ég geri mér grein fyrir ábyrgð minni.
3. Ég samþykki að fara eftir leiðbeiningum, reglum og stefnu Rotary International og Rótary á Íslandi er gilda um skiptinemastarfið.

Undirritað af

Trúnaðarmanni: _____

Sjálfbóðaliða: _____

Hýsingarfjölskyldu: _____

Nafn: _____

Heimilsfang: _____

Símanúmer: _____

Netfang: _____

Rótaryklúbbur: _____

Yfirlýsing þessi skal berast formanni æskulýðsnefndar áður en skiptin verða.